



Reykjavík 7.ágúst 2020

Efni: Þríf í grunn- ,leikskólum, hjá dagforeldrum og í frístundarstarfi

Hættustig almannavarna vegna COVID-19 er enn í gildi og því mikilvægt að hafa í huga að almennar sóttvarnarráðstafanir gilda í skólum sem og annars staðar. Skólar eiga að fylgja viðbragðsáætlunum sínum varðandi möguleg smit.

Embætti Landlæknis leggur áherslu á aukin þríf og veitir eftirfarandi leiðbeiningar:

Mikilvægt er að þrifa/sóttgreinsa áfram oft en vant er helstu yfirborð sem margir snerta.

Daglega þarf að strjúka með sápuvatni eða sóttgreinsiefni í klút yfir:

- Hurðahúna.
- Hurðalæsingar.
- Sjálfvirka hurðaopnara.
- Ljósarofa.
- Handrið.
- Lyftuhnappa.
- Snertiskjái.
- Lyklaborð.
- Tölvumýs.

Gólfþríf séu eins og venjulega.

Þríf á leikföngum

Þetta er eilífðarvandamál, ekki bara á COVID tímum. Komi upp smit á heimili barns sem er á leikskóla, þarf að:

- Taka öll leikföng sem hægt er að setja í uppþvottavél og þvo.
- Þrifa það sem hægt er að þrifa.
- Barnið kemur ekki á leikskólann (fer í sóttkví).

Almennt

Hafa sem minnst af leikföngum í umferð í einu, þrifa þegar skipt er um (t.d. Lego á mánudegi sem er þvegið á þriðjudegi og þá er eitthvað annað notað í staðinn), þrifa leikföng milli hópa ef um hópaskipt starf er að ræða. Þetta verklag viðheldur áhuga nemenda á leikföngum og stuðlar að góðum smitvörnum. Þetta ætti ekki að auka veraulega á þrífabyrði svo að stytta þurfi viðveru þar sem hægt er að taka til hliðar og setja netapoka í uppþvottavél, það sem þolir að fara í slíka vél.

Frekari upplýsingar um þrif er að finna á bls. 6 í eftirfarandi skjali, leiðbeiningar til framlínu stafsmanna, ef upp kemur smit og að þrífa þarf sérstaklega vegna þess.

https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item38919/Lei%C3%B0beiningar-framl%C3%ADnustarfsmenn%2010032020_KSJ-IM.pdf

Nánari upplýsingar er að finna á www.covid.is

Virðingarfyllst,

Samhæfingarstöð almannavarna